

Fundur 10.3.2025 Sveinn Haraldsson.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið, gott kvöld.*

En hvað það gleður mig að komast í sambandið til ykkar. Finnst mér það misjafnlega erfitt og gleðst ég sannarlega yfir því að ykkur hefur tekist að skapa hér meiri samfellu í ykkar starfi og hef ég ævinlega tekið undir það.

Að mikil sé gæfan fyrir ykkur að halda fundi sem oftast og vildi ég sjálfur verða til þess að magna þá meðal ykkar sem hæfileika hafa og gætu hlaupið í skörðin og eru þeir svo mismunandi hæfileikarnir sem hver og einn hefur og misauðvelt að koma fólki í gegn.

Og man ég eftir því að stundum máttu líða mánuðir þar til vel gekk og félagið lá niðri og miðlar mis margir sem fram komu og mikill skortur á nýjum miðlum um langt skeið, og hef ég því reynt að sinna þeim málum í framlífi, en ekki gengur það allt jafn vel að koma þeim til skila hjá ykkur, en hér í framlífi erum við nokkur sem erum orðin virk.

Og Helgi Guðlaugsson biður að heilsa,

*Já takk fyrir það*

Og gleður það mig mjög að sum úr gamla hópnum eru orðin virk, og Atli Hraunfjörð biður að heilsa

*Já takk fyrir.*

Og fleiri, skrifar hann nú ósjálfráða skrift, faðir hans er, næ ekki að koma fram nafninu, hann er öflugur hér meðal okkar og vill senda kveðjur eins og margir fleiri hér í okkar hópi.

Hefur komið fram hæfileiki eins og birtist hjá mér að skrifa ósjálfráða skrift.

Já margs er að minnast, ég vildi segja ykkur frá því að ég hef verið hér að ferðast með fjölskyldunni, og eitthvað er nú orkan misjöfn hér í kvöld, ég hef verið að ferðast með fjölskyldunni og við komum á landsvæði þar sem orkan er misjöfn og er það stórmerkilegt ykkur frá að segja, að þar sem stöðvar eru frá landnámsliðinu kristna, er minni orka, og sumuleiðis þar sem samstilling er ekki næg og fólk er ekki sammála.

Og er það nákæmlega eftir kenningum Helga Pjeturss um samstillinguna, en höfum við komið hér á önnur svæði á þessum hnetti, þar sem fólk svífur, jafnvel þótt það sé að daglegum störfum og sé ekki á leið upp á stjörnusambandsstöðvarnar á fundi.

Og er þar dásamlegt um að litast og sér maður þá gróðurinn allann lifna við og ljóma, og hafði ég skynjað sumt af því áður en ég fór frá ykkur á framlífs hnött.

Já höfum við ferðast hér og hafði ég ekki gefið mér eins góðan tíma til þess áður, taldi ég mig ævinlega þurfa að efla miðilsstarfið og fá fleiri í sambands hópana.

En hef ég nú hér gefið mér tíma til þess og hefur samband okkar gengið betur í fjölskyldunni minni.

Sá sem vildi minnast á hér áðan, Hjörvar, Gunnar Hjörvar, hann skrifar nú ósjálfráða skrift og vill hann koma í sambandið síðar, og getur það verið undanfari sambands, en hefur hann sett saman nokkur rit um sín áhugamál, um íslenska tungu, og hefur Helgi Pjeturss sjálfur, mælt svo og hrósað honum, að sumar setningar muni þar innblásnar af æðri anda, og hefur það glatt hann mjög.

Og get ég að vísu ekki nefnt öll nöfnin hér í stilli hópum, en þið kannist við þau mörg, ég minntis á Helga Guðlaugsson, og höfum við reynt að ná sambandi við Gyðjurnar og fleiri öfluga aðila.

Sveinn Haraldsson, Sveinn Haraldsson.

*Já heill og sæll sjálfur.*

Já komið þið öll blessuð og sæl.

*Já blessaður Sveinn,*

Já ég hef hér verið að ferðast nokkuð og orku mikill orðinn, og var það ákveðin örðugleiki í mínu sambandi, en er það nú komið í betra horf.

Og vildum við gjarnan segja ykkur frá því nánar, hvernig það hefur gengið hjá okkur, að sérhæfa fundi okkar til að ná sambandi við ólík mannkyn í lækningar skyni og fróðleiks skyni.

En verð ég víst hér að hætta, Haukur biður að heilsa, er það ekki faðir konu hér ?

*Já, jú,*

Vonandi að hann komist í sambandið fljótlega, og Inga biður að heilsa.

*Já takk.*

Og Þorsteinn Guðjónsson og Sveinn Víkingur og konan hans.

*Já takk fyrir.*

Og Svanur biður að heilsa.

*Ég bið að heilsa honum líka.*

Og Halldór og fleiri þér skyldir.

Og vona ég að þið finnið orkuna frá okkur, já gleður það mig að koma í sambandið, hef ég frá ýmsu að segja, en verður þetta nægja og reynum við að koma aftur síðar.

Verið þið sæl og þakka ég fyrir mig.

*Vertu blessaður og sæll Sveinn.*